



Fréttatilkynning
25 March 2026 11:39:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Lækkun hlutafjár

Á aðalfundi Íslandsbanka hf. þann 19. mars 2026 var samþykkt tillaga stjórnar bankans um að lækka hlutafé félagsins.

Á aðalfundi Íslandsbanka hf. þann 19. mars 2026 var samþykkt tillaga stjórnar bankans um að lækka hlutafé félagsins. Fundurinn samþykkti að hlutafé bankans yrði lækkað um 636.476.885 kr. að nafnverði, eða sem nemur 127.295.377 hlutum, úr 9.402.353.850 kr., í 8.765.876.965 kr. að nafnverði. Lækkunin verður framkvæmd með ógildingu eigin hluta bankans að framangreindri fjárhæð og eftir lækkunina verður fjöldi útgefinna hluta alls 1.753.175.393. Um er að ræða eigin hluti sem bankinn hefur keypt samkvæmt endurkaupaáætlunum. Eftir lækkunina mun bankinn eiga 21.861.379 eigin hluti.

Beiðni hefur verið send til Nasdaq og mun lækkunin verða framkvæmd föstudaginn 27. mars 2026.

Að öðru leyti er vísað til tilkynningar bankans sem birtist í fréttakerfi kauphallarinnar þann 19. mars 2026 þar sem greint er frá niðurstöðum aðalfundar bankans.

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Lækkun hlutafjár](#)